

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/67/28

frá 1. mars 2011

um viðmiðunarreglur varðandi framkvæmd reglna um gagnavernd í kerfi fyrir samvinnu um neytendavernd (CPCS-kerfið) (*)

(2011/136/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

gagnavernd^(*) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽³⁾ (hér á eftir nefnd „reglugerðin um gagnavernd“).

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (hér á eftir nefnd „reglugerðin“⁽¹⁾) er stefnt að auknu samstarfi til framfylgðar lögum um að vernda neytendur á innri markaðnum, komið á fót neti innan Sambandsins sem tekur til landsbundinna opinberra yfirvalda sem bera ábyrgð á framfylgd laga (hér á eftir nefnt „samstarfsnetið um neytendavernd“ eða „netið“) og mælt fyrir um ramma og almenn skilyrði fyrir samvinnu þessara yfirvalda um að vernda sameiginlega fjárhagslega hagsmuni neytenda.
- 2) Samstarf landsbundinna yfirvalda sem bera ábyrgð á framfylgd laga er nauðsynlegt fyrir skilvirka starfsemi innri markaðarins og með samstarfsnetinu um neytendavernd getur hvert yfirvald óskað eftir aðstoð annarra yfirvalda við að rannsaka möguleg brot á lögum ESB um neytendavernd.
- 3) Markmiðið með kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd (CPCS-kerfið, hér á eftir nefnt „kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd“ eða „kerfið“) er að gera opinberum yfirvöldum sem bera ábyrgð á framfylgd laga kleift að skiptast á upplýsingum um möguleg brot á lögum um neytendavernd við öruggar aðstæður.
- 4) Fyrirkomulag upplýsingaskipta með rafrænum hætti milli aðildarríkjanna þarf að vera í samræmi við reglur um vernd persónuupplýsinga, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽²⁾ (hér á eftir nefnd „tilskipunin um

- 5) Rétturinn til verndar persónuupplýsinga er viðurkenndur í 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd er ætlað að tryggja að mismunandi ábyrgð og skyldur vegna reglna um gagnavernd, sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skipta með sér, séu skýrar og að þeim sem gögnin varða séu veittar upplýsingar og aðgengilegar leiðir til að halda fram rétti sínum.
- 6) Rétt þykir að koma á viðmiðunarreglum um framfylgd reglna um gagnavernd innan kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd (hér á eftir nefndar „viðmiðunarreglurnar“) til þess að tryggja að reglur um gagnavernd séu virtar við gagnavinnslu í kerfinu.
- 7) Hvetja skal embættismenn sem bera ábyrgð á framfylgd laga til þess að leita til innlendra eftirlitsyfirvalda gagnaverndar og fá leiðbeiningar og aðstoð um hvernig best megi koma viðmiðunarreglunum í framkvæmd í samræmi við landslög og, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að málsmeðferð um tilkynningar og fyrirframathugun í tengslum við vinnslu í kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd fari fram á landsvísi.
- 8) Hvetja skal eindregið til þátttöku í þjálfunarnámskeiðum sem skipulögð eru af framkvæmdastjórninni til að aðstoða við framkvæmd viðmiðunarreglnanna.
- 9) Veita skal endurgjöf til framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd viðmiðunarreglnanna eigi síðar en tveimur árum eftir að þessi tilmæli hafa verið samþykkt. Framkvæmdastjórnin skal síðan leggja frekara mat á hversu öflugan gagnavernd kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd veitir og dæma um hvort þörf sé á frekari gerningum, þ.m.t. stjórnvaldsráðstöfunum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 57, 2.3.2011, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 2.8.2012, bls. 59.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 281, 23.1.1995, bls. 31.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

- 10) Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda aðilum að kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd og notendum þess að framkvæma viðmiðunarreglurnar. Landsbundin gagnaverndaryfirvöld og Evrópska persónuverndarstofnunin skulu fylgjast náið með þróun og framkvæmd gagnaverndarráðstafana að því er varðar kerfið.
- 11) Viðmiðunarreglurnar eru viðbót við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/76/EB ⁽¹⁾ og taka mið af álitum starfshóps um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót með 29. gr. ⁽²⁾ tilskipunarinnar um gagnavernd og álitum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar ⁽³⁾ sem komið var á fót með 41. gr. reglugerðarinnar um gagnavernd (hér á eftir nefnd EDPS-reglugerðin).

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

Aðildarríkin skulu fara eftir viðmiðunarreglunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

Gjört í Brussel 1. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John Dalli

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi ESB L 32, 6.2.2007, bls. 192.

⁽²⁾ Álit 6/2007/EB um gagnaverndarmál sem tengjast kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd (CPCS-kerfið) 01910/2007/EN — WP 130 — samþykkt 21. september 2007.

⁽³⁾ Álit Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar, tilvísun 2010-0692.

VIÐAUKI

Viðmiðunarreglur varðandi framkvæmd reglna um gagnavernd í kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd (CPCS-kerfið)

1. INNGANGUR

Samvinna milli landsbundinna yfirvalda sem bera ábyrgð á neytendavernd er nauðsynleg fyrir eðlilega starfsemi innri markaðarins þar eð ófullnægjandi framfylgd laga yfir landamæri grefur undan tiltrú neytenda, sem hika við að taka tilboðum yfir landamæri, og þar með tiltrú þeirra á innri markaðnum, jafnframt því að raska samkeppni.

Kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd er upplýsingatæknitól (e. IT-tool) sem komið er á með reglugerðinni um samvinnu um neytendavernd; það er skipuleg tilhögun fyrir skipti á upplýsingum á milli landsbundinna yfirvalda sem bera ábyrgð á neytendavernd og eru í samstarfsnetinu um neytendavernd. Það gefur opinberu yfirvaldi kost á að óska eftir aðstoð annarra yfirvalda í samstarfsnetinu um neytendavernd við að rannsaka og fást við hugsanleg brot á lögum ESB um neytendavernd og grípa til fullnustuáðgerða til að stöðva ólöglega viðskiptahætti seljenda og birgja, sem beinast að neytendum sem eru búsettir í öðrum ESB-löndum. Óskir um upplýsingar og öll samskipti milli lögbærra stjórnvalda varðandi beitingu reglugerðarinnar um samvinnu um neytendavernd fara fram gegnum kerfið.

Markmiðið með reglugerðinni er að auka samvinnu um framfylgd laga til verndar hagsmunum neytenda alls staðar á innri markaðnum með því að koma á fót neti innan Sambandsins sem tekur til landsbundinna opinberra yfirvalda sem bera ábyrgð á framfylgd laga og ákvarða með hvaða skilyrðum aðildarríkin skuli hafa samstarf sín á milli. Með reglugerðinni um samvinnu um neytendavernd var staðfest að slík upplýsingaskipti og gagnkvæmar óskir um aðstoð milli landsbundinna yfirvalda sem bera ábyrgð á framfylgd laga skuli fara fram um gagnagrunn sem komið er á fót í þeim tilgangi. Þess vegna var kerfið hannað til að auðvelda þessa samvinnu milli stjórnvalda og upplýsingaskipti í því skyni að framfylgja lögum ESB um neytendavernd.

Umfang samvinnunnar takmarkast við brot innan Bandalagsins á lagagerningunum, sem tilgreindir eru í viðaukanum við reglugerðina, og sem verndar sameiginlega fjárhagslega hagsmunum neytenda.

2. GILDISSVIÐ OG MARKMIÐ ÞESSARA VIÐMIÐUNARREGLNA

Þessar viðmiðunarreglur miða að því að koma á jafnvægi milli annars vegar skilvirkrar og árangursríkrar samvinnu milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkunum um framfylgd laga og hins vegar virðingu fyrir grundvallarrétti til fríðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga.

Í tilskipuninni um gagnavernd (1) eru persónuupplýsingar skilgreindar sem hvers konar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling; maður telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, s.s. með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Þar sem innlendir embættismenn sem bera ábyrgð á framfylgd laga (sérfræðingar (e. case handlers)) og sem nota kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd, eru ekki alltaf sérfræðingar á sviði gagnaverndar og þekkja e.t.v. ekki alltaf nægilega vel til krafna um gagnavernd, sem settar eru í þeirra eigin löggjöf um gagnavernd, er ráðlegt að láta notendum kerfisins í té viðmiðunarreglur þar sem útskýrt er hvernig kerfið virkar með tilliti til hagnýtrar gagnaverndar og gera skýra grein fyrir þeim verndaráðstöfunum sem eru innbyggðar í kerfið og hugsanlegri áhættu sem tengist notkun þess.

Markmiðið er að viðmiðunarreglurnar nái yfir mikilvægustu þætti gagnaverndar í tengslum við kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd og veiti notendavænar útskýringar, sem allir notendur kerfisins geta vísað til. Þær innihalda þó ekki tæmandi greiningu á áhrifum kerfisins á gagnavernd.

Sterklega er mælt til að haft sé samráð við gagnaverndaryfirvöld í aðildarríkjunum til að tryggja að í löggjöf einstakra landa sé mælt fyrir um sérstakar skyldur um gagnavernd til viðbótar við viðmiðunarreglurnar. Notendur kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd geta einnig fengið frekari aðstoð og leiðbeiningar frá þessum landsbundnu gagnaverndaryfirvöldum til að tryggja að kröfum um gagnavernd sé fullnægt. Skrá yfir þessi yfirvöld ásamt samskiptaupplýsingum og vefsetrum má finna á slóðinni:

http://ec.europa.eu/justice_home/fsj/privacy/nationalcomm/#eu

Rétt er að taka fram að vinnsla persónuupplýsinga skal fara fram samkvæmt þeim sérstöku meginreglum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í tilskipuninni um gagnavernd. Sérfræðingarnir eiga, með skírskotun til reglugerðarinnar, rétt á að skiptast á gögnum, þ.m.t. persónuupplýsingum, gegnum kerfið, ef tilgangur vinnslunnar er að stöðva brot á lögum ESB um neytendamál sem tilgreind eru í viðaukanum við reglugerðina um samvinnu um neytendavernd. Áður en vinnsla slíkra gagna fer fram er þó nákvæmt mat nauðsynlegt til þess að sjá til þess að farið sé að meginreglum um gagnavernd og að vinnsla sé nauðsynleg til að ná markmiðum reglugerðarinnar um samvinnu um neytendavernd.

(¹) Ákvæði a-liðar 2. gr.

Með þetta í huga þurfa sérfræðingar, sem hafa aðgang að kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd, að meta hvert tilvik fyrir sig áður en vinnsla persónuupplýsinga getur farið fram (1). Tilgangurinn með þessum viðmiðunarreglum er að hjálpa sérfræðingum við þetta mat með nokkrum leiðbeinandi meginreglum um gagnavernd sem taka skal mið af.

Markmiðið er einnig að skýra nokkur hinna flóknu atriði í byggingu kerfisins með tilliti til sameiginlegrar vinnslu og sameiginlegrar ábyrgðar á stjórnun með því að mæla fyrir um hvert sé hlutverk framkvæmdastjórnarinnar og hvert sé hlutverk lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna sem sameiginlegir „ábyrgðaraðilar“ fyrir gagnaskiptum í kerfinu.

3. KERFIÐ FYRIR SAMVINNU UM NEYTENDAVERND — UPPLÝSINGATÆKNITÓL FYRIR SAMVINNU UM FRAMFYLGÐ LAGA

Kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd er upplýsingatæknitól, sem er hannað og haldið við af framkvæmdastjórninni í samstarfi við aðildarríkin. Tilgangurinn með kerfinu er að aðstoða aðildarríkin við framkvæmd löggjafar ESB um neytendavernd í reynd. Það er notað af samstarfsnetinu um neytendavernd sem samanstendur af opinberum yfirvöldum, sem aðildarríkin og EES-löndin tilnefna til þess að starfa saman og skiptast á upplýsingum við framfylgd laga um neytendavernd, eins og kveðið er á um í reglugerðinni um samvinnu um neytendavernd.

Í 10. gr. reglugerðarinnar segir:

„Framkvæmdastjórnin skal viðhalda rafrænum gagnagrunni þar sem hún skal geyma og vinna upplýsingarnar sem hún fær skv. 7., 8. og 9. gr. Þessi gagnagrunnur skal einungis vera aðgengilegur lögbærum yfirvöldum til skoðunar...“

Í 3. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar um samvinnu um neytendavernd segir enn fremur:

„Beiðni um aðstoð og öll miðlun upplýsinga skal vera skrifleg á stöðluðu eyðublaði og send rafrænt um gagnagrunninn sem komið er á fót skv. 10. gr.“

Kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd greiðir fyrir samstarfi og upplýsingaskiptum, sem takmarkast við brot innan Bandalagsins á tilskipunum og reglugerðum, sem tilgreindar eru í viðaukanum við reglugerðina um samvinnu um neytendavernd, sem fjallar um margvísleg málefni, þ.á m. óréttmæta viðskiptahætti, fjarsölu, neytendalán, pakkaferðir, óheiðarlega samningsskilmála, skiptileigu, rafræna verslun o.fl. Ekki er hægt að nota kerfið til upplýsingaskipta á löggjafarsviðum sem ekki eru sérstaklega tilgreind í þessum viðauka.

Dæmi:

- I. Söluaðili, sem hefur staðfestu í Belgíu, notar óheiðarlega skilmála í viðskiptum sínum við neytendur sem eru búsettir í Frakklandi og brýtur gegn tilskipuninni um óréttmæta samningsskilmála. Yfirvald neytendamála í Frakklandi geta notað kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd til að beina beiðni til yfirvalds neytendamála í Belgíu um að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, sem það hefur heimild til gagnvart söluaðilanum, til að stöðva þetta brot innan Bandalagsins án tafar.
- II. Yfirvald neytendamála í Danmörku taka á móti kvörtunum um að tiltekið vefsetur noti sviksamlega og villandi viðskiptahætti neytendum í óhag. Vefsetrið er hýst í Svíþjóð. Yfirvald neytendamála í Danmörku þurfa að fá upplýsingar í tengslum við vefsetrið. Það getur því notað kerfið til að beina beiðni um upplýsingar til yfirvalds neytendamála í Svíþjóð, sem er skylt að láta þessar upplýsingar í té.

Aðildarríkin hlaða upplýsingunum inn, þær eru vistaðar í kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd, aðildarríkin, sem upplýsingunum er beint til, fá aðgang að þeim og framkvæmdastjórnin eyðir þeim (2). Kerfið er notað sem gagnasafn fyrir upplýsingar og leið til þess að skiptast á upplýsingum gegnum skilvirkt og öruggt fjarskiptakerfi.

Frá sjónarhóli gagnaverndar skapar stofnun slíks gagnagrunns alltaf ákveðna áhættu með tilliti til grundvallarréttinda til verndar persónuupplýsinga, skipst er á fleiri upplýsingum en nauðsynlegt er fyrir skilvirkt samstarf, upplýsingum sem hefði átt að eyða er haldið eftir og upplýsingar varðveittar sem eru ekki lengur nákvæmar eða eru rangar og ekki er tryggt að þeir sem gögnin varða séu upplýstir um réttindi sín og að skyldur ábyrgðaraðila gagna séu virtar. Þess vegna er nauðsynlegt að taka á slíkri áhættu með því að tryggja að notendur kerfisins séu vel upplýstir og þjálfaðir í reglum um gagnavernd og færir um að tryggja að farið sé að ákvæðum gildandi löggjafar um gagnavernd.

4. LAGA- OG EFTIRLITSRAMMI UM GAGNAVERND

Lagarammi um gagnavernd hefur verið í gildi í Evrópusambandinu allt frá árinu 1995 með tilskipuninni um gagnavernd (3), þar sem mælt er fyrir um vinnslu aðildarríkjanna á persónuupplýsingum, og reglugerðinni um gagnavernd (4), þar sem mælt er fyrir um vinnslu á persónuupplýsingum á vegum stofnana og aðila Evrópusambandsins. Beiting löggjafarinnar um gagnavernd ræðst nú af því hver er aðili að kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd og notandi þess.

(¹) Tekið skal fram að meginreglurnar um gagnavernd gilda jafnt um gögn sem eru vistuð með rafrænum hætti og á pappírformi.

(²) Um sértækar reglur um eyðingu sjá ákvörðun 2007/76/EB og „Netið fyrir samvinnu um neytendavernd: Verklagsreglur“.

(³) Tilskipun 95/46/EB.

(⁴) Reglugerð (EB) nr. 45/2001.

Um vinnslu gagna á vegum framkvæmdastjórnarinnar gilda ákvæði reglugerðarinnar um gagnavernd og um gagnavinnslu sérfræðinga hjá valdbærum landsbundnum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á framfylgd laga, gilda ákvæði þeirra landslaga sem sett hafa verið til að leiða tilskipunina um gagnavernd í lög.

Þar eð framkvæmdastjórnin og tilnefnd lögbær yfirvöld gegna bæði sérstökum lykilhlutverkum innan kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar, eru þau skuldbundin til að tilkynna viðkomandi eftirlitsyfirvöldum um vinnslu sína og leggja hana fyrir þau til fyrirframathugunar og tryggja að farið sé að reglum um gagnavernd. Að því sögðu geta landslög til lögleiðingar á tilskipuninni um gagnavernd kveðið á um undanþágur bæði frá kröfum um tilkynningu og um fyrirframathugun.

Með samræmingu á lögum um gagnavernd var ætlunin bæði að tryggja öfluga gagnavernd og grundvallarréttindi manna og gera jafnframt ráð fyrir frjálsu flæði persónuupplýsinga milli aðildarríkja. Þar sem landsbundnar framkvæmdarráðstafanir kunna að leiða til mismunandi reglna eru notendur kerfisins eindregið hvattir til viðræðna við innlend gagnaverndaryfirvöld sín um þessar viðmiðunarreglur til að tryggja að farið sé að reglum um gagnavernd því mismunandi reglur gætu t.d. gilt um hvers konar upplýsingar er heimilt að láta einstaklingum í té eða um skyldu til að tilkynna gagnaverndaryfirvöldum um tiltekna gagnavinnslu.

Eftirlit óháðra gagnaverndaryfirvalda er mikilvægur þáttur í lagaramma ESB um gagnavernd. Borgarar eiga rétt á að leggja fram kvartanir hjá þessum yfirvöldum og fá skjót svör við spurningum sínum um gagnavernd án þess að þurfa að leita til dómstóla. Vinnsla persónuupplýsinga á landsvísi er undir eftirliti landsbundinna gagnaverndaryfirvalda og vinnsla persónuupplýsinga á vegum stofnana ESB er undir eftirliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (EDPS) (1). Af þessum sökum heyrir framkvæmdastjórnin undir eftirlit Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar og aðrir notendur kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd undir eftirlit landsbundinna gagnaverndaryfirvalda.

5. HVER GERIR HVAD Í KERFINU FYRIR SAMVINNU UM NEYTENDAVERND? — UM SAMEIGINLEGA ÁBYRGÐ

Kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd er skýrt dæmi um sameiginlega vinnslu og sameiginlega ábyrgð á eftirliti. Þótt aðeins lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum safni, skrái, láti í té og miðli persónuupplýsingum er framkvæmdastjórnin ábyrg fyrir geymslu þessara gagna á netþjónum sínum og eyðingu þeirra af þeim. Framkvæmdastjórnin hefur ekki aðgang að þessum gögnum heldur telst hún vera stjórnandi og rekstraraðili kerfisins.

Í stuttu máli má því segja að skipting mismunandi verkefna og ábyrgð milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna sé sem hér segir:

- Hvert lögbært yfirvald er ábyrgðaraðili gagna að því er tekur til eigin gagnavinnslu.
- Framkvæmdastjórnin er ekki notandi heldur rekstraraðili kerfisins og ber einkum ábyrgð á viðhaldi og öryggi kerfishögunarinnar. Þó hefur framkvæmdastjórnin einnig aðgang að viðvörðunum, endurgjöf og öðrum upplýsingum sem snerta tiltekin mál (2). Tilgangurinn með aðgangi framkvæmdastjórnarinnar er að fylgjast með beitingu reglugerðarinnar um samvinnu um neytendavernd og löggjafarinnar um neytendavernd, sem tilgreind er í viðaukanum við reglugerðina, og að taka saman tölfraeðilegar upplýsingar í tengslum við framkvæmd þessara verkefna. Framkvæmdastjórnin hefur þó ekki aðgang að upplýsingum í beiðnum um gagnkvæma aðstoð og ráðstafanir til að framfylgja lögum, þar sem þeim er einungis beint til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum sem fara með það tiltekna mál sem um ræðir. Samt sem áður er í reglugerðinni gert ráð fyrir möguleika á að framkvæmdastjórnin geti veitt lögbærum yfirvöldum aðstoð í tilteknum deilumálum (3) og að henni sé boðið að taka þátt í samræmdri rannsókn sem tekur til tveggja aðildarríkja eða fleiri (4).
- Aðilar að kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd bera sameiginlega ábyrgð að því er varðar lögmæti á vinnslu, upplýsingagjöf og rétti til aðgangs, andmæla og leiðréttinga.
- Bæði framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld bera, í hlutverki sínu sem ábyrgðaraðilar, hver fyrir sig ábyrgð á því að tryggja að reglurnar sem varða gagnavinnslu þeirra samrýmist reglunum um gagnavernd.

6. AÐILAR KERFISINS FYRIR SAMVINNU UM NEYTENDAVERND OG NOTENDUR ÞESS

Í kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd eru mismunandi aðgangssnið: aðgangur að gagnagrunninum er takmarkaður, hann er einungis veittur nafngreindum embættismanni lögbærs yfirvalds (sannvottaður notandi) og er ekki framseljanlegur. Aðeins má veita þeim embættismönnum, sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar, aðgang að kerfinu. Notandanafn og lykilorð, sem nauðsynleg eru til að fá aðgang að kerfinu, má fá hjá miðlægu tengiskrifstofunni.

Aðeins notendur hjá lögbærum yfirvöldum sem hafa móttekið beiðni og lagt fram beiðni hafa fullan aðgang að öllum upplýsingum sem skipst er á vegna tiltekins máls, þar með talin eru öll fylgiskjöl málsins í kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd. Starfsmenn miðlægu tengiskrifstofunnar geta aðeins lesið helstu upplýsingar um tiltekið mál svo þau geti greint hvaða lögbæru yfirvaldi skuli framsenda beiðni. Þeir geta ekki lesið trúnaðarskjöl sem tengjast beiðni eða viðvörðun.

(¹) <http://www.edps.europa.eu/EDPSWEB/edps/EDPS>

(²) Ákvæði 8., 9. og 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu um neytendavernd.

(³) Ákvæði 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu um neytendavernd.

(⁴) Ákvæði 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu um neytendavernd.

Í málum til að framfylgja lögum deila notendur hjá öllum lögbærum yfirvöldum, sem hafa verið tilkynnt sem ábyrg fyrir löggerningunum sem brotið var í bága við, almennum upplýsingum. Þetta er gert með tilkynningum. Í þessum tilkynningum skal gefa stutt yfirlit um málið og forðast að veita persónuupplýsingar. Þó geta verið undantekningar, s.s. heiti seljenda eða birgja (ef um einstaklinga er að ræða).

Framkvæmdastjórnin hefur engan aðgang að upplýsingum og beiðnum um ráðstafanir til að framfylgja lögum eða trúnaðarskjölum, en tekur á móti tilkynningum og viðvörðunum.

7. MEGINREGLUR UM GAGNAVERND SEM GILDA UM UPPLÝSINGASKIPTI

Notendur kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd í aðildarríkjunum mega einungis vinna persónuupplýsingar með þeim skilyrðum og í samræmi við þær meginreglur sem kveðið er á um í tilskipuninni um gagnavernd. Ábyrgðaraðili gagna ber ábyrgð á því að tryggja að farið sé að meginreglum um gagnavernd við vinnslu persónuupplýsinga í kerfinu.

Einnig skal tekið fram að bæði reglur um trúnaðarkvöð og gagnavernd gilda um kerfið. Reglur um trúnaðarkvöð og þagnarskyldu geta gilt um gögn almennt, en reglur um gagnavernd takmarkast við persónuupplýsingar.

Mikilvægt er að hafa í huga að notendur kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd í aðildarríkjunum bera ábyrgð á margs konar annarri vinnslu og eru hugsanlega ekki sérfræðingar á sviði gagnaverndar. Það að fara að ákvæðum um gagnavernd í kerfinu þarf ekki að vera óþarflega flókið eða vera óhófleg stjórnsýslubyrði. Kerfið þarf ekki heldur að vera í einni staðlaðri mynd sem hentar öllum. Þessar viðmiðunarreglur eru tilmæli um meðferð persónuupplýsinga og vert er að minna á að ekki teljast öll gögn sem skipst er á í kerfinu til persónuupplýsinga.

Áður en upplýsingum er hlaðið inn í kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd þurfa embættismenn sem annast framfylgd laga að ihuga hvort persónuupplýsingar sem senda skal séu nauðsynlegar til að ná markmiðum um skilvirka samvinnu og kanna hverjum þeir senda persónuupplýsingarnar. Embættismenn, sem bera ábyrgð á eftirliti, þurfa að spyrja sjálfa sig hvort viðtakandinn þurfi nauðsynlega að fá þessar upplýsingar í þeim tilgangi sem viðvörðunin eða beiðnin um gagnkvæma aðstoð snýst um.

Eftirfarandi skrá yfir meginreglur um gagnavernd á að hjálpa embættismönnum, sem annast framfylgd laga og hafa aðgang að kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd, við að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort farið sé að reglum um gagnavernd í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í hvert sinn sem þeir vinna persónuupplýsingar í kerfinu. Embættismenn, sem annast framfylgd laga, skulu einnig hafa í huga að undanþágur og takmarkanir kunna að vera á landsvisu fyrir beitingu grundvallarreglnanna um gagnavernd, sem tilgreindar eru hér á eftir, og eru þeir hvattir til að ráðfæra sig við innlend gagnaverndaryfirvöld sín.

Meginreglur um gagnavernd sem ber að fara eftir

Meginreglurnar um gagnavernd, sem ber að hafa í huga áður en vinnsla persónuupplýsinga hefst, eru fastsettar í tilskipuninni um gagnavernd. Þar sem þessi tilskipun hefur verið tekin upp í landslög eru sérfræðingar minntir á að ráðfæra sig við innlend eftirlitsyfirvöld sín á sviði gagnaverndar um beitingu meginreglnanna, sem fara hér á eftir, og hvattir til að skoða hvort einhverjar undanþágur og takmarkanir kunni að vera fyrir beitingu þeirra.

Meginreglan um gagnsæi

Samkvæmt tilskipuninni um gagnavernd á sá sem gögnin varða rétt á að verða upplýstur um að vinnsla persónuupplýsinga um hann fari fram. Ábyrgðaraðilanum er skylt að tilgreina nafn sitt og heimilisfang, tilgang vinnslunnar, viðtakendur gagnanna og allar aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja að vinnslan sé eðlileg (2).

Vinnsla gagna er aðeins leyfileg við eftirfarandi aðstæður (3):

- þegar sá sem gögnin varða hefur veitt samþykki sitt,
- þegar vinnsla er nauðsynleg við framkvæmd samnings eða áður en samningur er gerður,
- þegar vinnsla er nauðsynleg til þess að fara að ákvæðum um lagaskyldu,
- þegar vinnsla er nauðsynleg til að gæta grundvallarhagsmuna þess sem gögnin varða,

(¹) Ákvæði 2. mgr. 11. gr. og 13. gr. tilskipunar 95/46/EB.

(²) Ákvæði 10. og 11. gr. tilskipunar 95/46/EB.

(³) Ákvæði 7. gr. tilskipunar 95/46/EB.

- þegar vinnsla er nauðsynleg vegna framkvæmdar verkefnis sem unnið er í þágu almennings eða við lögmæta meðferð opinbers valds sem falið er ábyrgðaraðilanum eða þriðja aðila sem gögnin eru birt,
- þegar vinnsla er nauðsynleg til að ábyrgðarmaður eða þriðji aðili eða þriðju aðilar, sem fá gögnin, geti gætt lögmætra hagsmuna.

Meginreglan um lögmæti og heiðarleika

Ekki má safna eða vinna persónuupplýsingar á óheiðarlegan eða ólöglegan hátt og ekki skal heldur nota þær í tilgangi sem samrýmist ekki markmiðunum sem mælt er fyrir um í reglugerðinni um samvinnu um neytendavernd. Til þess að vinnsla sé lögleg þurfa sérfræðingar að ganga úr skugga um að þeir hafi gildar ástæður sem réttlæta þörfina á vinnslu. Vinnslan verður að vera í sérstökum, skýrum og lögmætum tilgangi og er frekari vinnsla óheimil, samrýmist hún ekki þessum tilgangi (1). Tilgangurinn getur aðeins verið sá sem kveðið er á um í reglugerðinni um samvinnu um neytendavernd.

Til að heiðarleika sé gætt þurfa þeir sem gögnin varða að vera upplýstir um tilganginn með vinnslu upplýsinga um þá og um rétt þeirra til aðgangs, leiðréttinga og andmæla.

Meginreglan um meðalhóf, áreiðanleika og varðveislutíma

Upplýsingarnar þurfa að vera hóflegar, fullnægjandi, víðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er með tilliti til þess tilgangs sem söfnun þeirra og/eða frekari úrvinnsla þjónar. Upplýsingar skulu vera nákvæmar og uppfærðar, ef nauðsyn krefur, gera skal allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að gögn, sem eru ónákvæm eða ófullnægjandi, miðað við markmiðin með söfnun þeirra eða frekari vinnslu, verði afmáð eða þau leiðrétt, geyma ber persónuupplýsingar í því formi að ekki sé unnt að persónugreina upplýsingar um þá sem gögnin varða lengur en þörf er á, miðað við tilganginn með söfnun upplýsinganna eða vinnslu þeirra. Nauðsynlegt er að gera víðeigandi verndarráðstafanir vegna persónuupplýsinga, sem geyma skal í lengri tíma vegna notkunar í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi.

Sérfræðingar þurfa að íhuga hvort upplýsingarnar sem þeir vinna úr séu nauðsynlegar til að ná tilganginum sem stefnt er að.

Meginreglan um takmörkun vegna tilgangs

Safna skal persónuupplýsingum í sérstökum, skýrum og lögmætum tilgangi og ekki skal vinna þær frekar á þann hátt að það samrýmist ekki þeim tilgangi og skal þeim sem gögnin varða tilkynnt þar um. Sérfræðingar skulu aðeins vinna með persónuupplýsingar þegar tilgangur vinnslunnar er skýr, þ.e. þegar lagalegar ástæður eru fyrir miðlun þeirra samkvæmt reglugerðinni um samvinnu um neytendavernd.

Réttur til aðgangs

Samkvæmt tilskipuninni um gagnavernd (2) eiga þeir sem gögnin varða rétt á upplýsingum um vinnslu persónuupplýsinga um þá, um tilgang vinnslunnar, viðtakendur gagnanna og að þeir hafi sérstök réttindi, þ.e. rétt til upplýsinga og leiðréttinga. Sá sem gögnin varða hefur rétt til aðgangs að öllum unnum gögnum um hann. Sá sem gögnin varða hefur einnig rétt til að óska eftir að gögn sem eru ófullkomin, röng eða ekki unnin í samræmi við reglur um gagnavernd (3) séu leiðrétt, þeim eytt eða aðgangur að þeim hindraður.

Viðkvæm gögn

Vinnsla gagna er varða kynþátt eða þjóðerni, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð eða heimspekiviðhorf eða stéttarfélagsaðild, heilbrigði, kynlíf, afbrot og refsidóma er bönnuð. Í tilskipuninni um gagnavernd (4) er þó gert ráð fyrir tilteknum undanþágum frá þessari reglu þegar unnt er að vinna með viðkvæm gögn samkvæmt ákveðnum skilyrðum (5). Þar sem notendur kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd geta komist í þá stöðu að þeir vinni með viðkvæm gögn (6) er mælt með að menn gæti varúðar þegar þeir nálgast þau. Mælt er með því að notendur kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd ráðfæri sig við innlend gagnaverndaryfirvöld sín um hvort undanþágur gildi um vinnslu viðkvæmra gagna.

Undanþágur

Gert er ráð fyrir nokkrum undanþágum í tilskipuninni um gagnavernd með tilliti til þess að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um og saksækja fyrir refsiverð brot. Mælt er með því að sérfræðingar skoði landslög til að meta hvort og í hvaða mæli slíkar undanþágur séu mögulegar (7). Ef slíkar undanþágur eru notaðar er mælt til að þeirra sé skýrt getið í trúnaðaryfirlýsingum allra lögbærra yfirvalda.

(¹) Ákvæði b-liðar 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 95/46/EB.

(²) Ákvæði 10., 11. og 12. gr. tilskipunar 95/46/EB.

(³) Ákvæði 12. gr. tilskipunar 95/46/EB.

(⁴) Ákvæði 2 mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB.

(⁵) Ákvæði 8. gr. tilskipunar 95/46/EB.

(⁶) Ákvæði 4. kafla viðaukans við ákvörðun 2007/76/EB.

(⁷) Álit 6/2007/EB um gagnaverndarmál í tengslum við kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd (CPCS-kerfið) 01910/2007/EN — WP 130 — samþykkt 21. september 2007, bls. 24–26.

Beiting meginreglnanna um gagnavernd

Beiting meginreglnanna um gagnavernd á starfsemi kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd leiðir af sér eftirfarandi tilmæli:

- 1) Notkun kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd skal einskorðast við tilganginn sem lýst er í reglugerðinni um samvinnu um neytendavernd. Í 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar um samvinnu um neytendavernd segir að upplýsingar, sem eru látnar í té, megi einungis nota í þeim tilgangi að tryggja samræmi við lög sem vernda hagsmuni neytenda. Þessi lög eru tilgreind í viðaukanum við reglugerðina um samvinnu um neytendavernd.
- 2) Mælst er til að embættismenn, sem annast framfylgd laga, noti upplýsingar, sem fengnar eru eftir beiðni um gagnkvæma aðstoð eða viðvörðun, einungis í þeim tilgangi sem tengist því sérstaka máli, í fullu samræmi við lagaskilyrði um gagnavernd, og meti fyrirfram nauðsyn vinnslunnar í tengslum við rannsóknir sem gerðar eru í þágu almannahagsmuna.
- 3) Við gagnaflutninga þurfa embættismenn sem annast framfylgd laga að meta í hverju tilviki fyrir sig hverjir skuli taka við upplýsingunum sem vinna á.
- 4) Notendur kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd skulu velja vandlega þær spurningar sem þeir bera upp í beiðni um gagnkvæma aðstoð og ekki óska eftir fleiri gögnum en nauðsyn krefur. Þetta snýst ekki einungis um að virða meginreglur um gæði gagna heldur einnig um að draga úr stjórnsýsluálagi.
- 5) Tilskipunin um gagnavernd (1) felur í sér kröfu um að persónuupplýsingar skuli vera nákvæmar og uppfærðar reglulega. Mælst er til að lögbæra yfirvaldið, sem veitti upplýsingarnar, stuðli að því að tryggja að gögnin, sem varðveitt eru í kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd, séu áreiðanleg. Sprettiskilaboðum hefur verið bætt í kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd til þess að minna sérfræðinga reglubundið á að skoða hvort persónuupplýsingar eru nákvæmar og uppfærðar reglulega.
- 6) Ítarleg tilkynning um friðhelgi einkalífsins á vefsíðu er hagnýt leið til að upplýsa þá sem gögnin varða um réttindi þeirra. Mælst er til að öll lögbær yfirvöld setji tilkynningu um friðhelgi einkalífsins á vefsíður sínar. Sérhver tilkynning um friðhelgi einkalífsins skal vera í samræmi við alla upplýsingaskyldu samkvæmt tilskipuninni um gagnavernd og hafa að geyma krækju á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar um þessa tilkynningu um friðhelgi einkalífsins og aðrar upplýsinga, þ.m.t. samskiptaupplýsingar um hlutaðeigandi lögbær yfirvöld sem og um allar landsbundnar takmarkanir á rétti til aðgangs eða upplýsinga. Allir ábyrgðaraðilar gagna bera ábyrgð á að tryggja birtingu tilkynninga um friðhelgi einkalífsins.
- 7) Þeir sem gögnin varða geta óskað eftir aðgangi, leiðréttingum og eyðingu persónuupplýsinga hjá fleiri aðilum. Enda þótt hvert lögbært yfirvald beri, sem ábyrgðaraðili gagna, ábyrgð á eigin gagnavinnslu, ber að stefna að samræmdum viðbrögðum við beiðnum varðandi mál sem ná yfir landamæri. Mælst er til að í slíkum tilvikum tilkynni lögbær yfirvöld öðrum lögbærum yfirvöldum sem í hlut eiga að beiðni hafi borist.

Þegar lögbært yfirvald telur að það að verða við beiðni geti haft áhrif á rannsókn á vegum annarra lögbærra yfirvalda eða ráðstafanir þeirra til að framfylgja lögum skal fyrrnefnda yfirvaldið óska eftir álitni hins síðarnefnda áður en orðið er við beiðninni.

Þeir sem gögnin varða geta einnig beint beiðni sinni til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin getur aðeins orðið við beiðni um gögn sem hún hefur aðgang að. Þegar beiðni berst framkvæmdastjórninni skal hún hafa samráð við lögbæra yfirvaldið sem lét upplýsingarnar í té. Ef engin andmæli koma fram eða lögbært yfirvald svarar ekki innan hæfilegs tíma getur framkvæmdastjórnin ákveðið hvort orðið verði við beiðninni eða ekki á grundvelli reglugerðarinnar um gagnavernd. Framkvæmdastjórnin skal einnig óska eftir álitni lögbærra yfirvalda ef rannsókn um þeirra eða ráðstöfunum til að framfylgja lögum er stofnað í hættu með því að verða við beiðninni. Framkvæmdastjórnin skal kanna hvort það myndi greiða fyrir slíkri miðlun ef frekari tæknilegum þáttum væri bætt í kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd.

- 8) Í ákvörðun 2007/76/EB um framkvæmd samvinnu um neytendavernd er gert ráð fyrir upplýsingareitum fyrir nöfn framkvæmdastjóra fyrirtækja í kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd. Embættismenn sem annast framfylgd laga þurfa að meta hvort nauðsyn sé á þess konar persónuupplýsingum til lausnar á málinu. Meta þarf í hverju tilviki fyrir sig hvort nauðsynlegt sé að skrá nafn framkvæmdastjóra fyrirtækis í þennan tiltekna upplýsingareit áður en gögnum er hlaðið inn í kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd og áður en viðvörðun eða beiðni um gagnkvæma aðstoð er send öðru lögbæru yfirvaldi.
- 9) Samkvæmt ákvörðun 2007/76/EB um framkvæmd samvinnu um neytendavernd skal lögbæra yfirvaldið, sem hleður inn upplýsingum eða beiðnum um ráðstafanir til að framfylgja lögum eða viðvörðunum, tilgreina hvort fara skuli með upplýsingarnar sem trúnaðarmál. Þetta ber að gera í hverju tilviki fyrir sig. Á sama hátt ber yfirvaldi, sem beiðni er beint til, að tilgreina, þegar það lætur upplýsingar í té, hvort fara skuli með þær sem trúnaðarmál. Kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd inniheldur stillingu fyrir staðalgildi þar sem notendur kerfisins þurfa sérstaklega að veita aðgang að skjölum með því að afhaka við trúnaðarmerkið.

(¹) Ákvæði d-liðar 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 95/46/EB.

8. KERFIÐ FYRIR SAMVINNU UM NEYTENDAVERND OG GAGNAVERND

Umhverfi gagnaverndar sem er auðvelt í notkun

Við hönnun kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd voru kröfur löggjafar um gagnavernd hafðar í huga:

- Kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd notar netkerfið s-TESTA, sem er skammstöfun fyrir secured Trans European Services for Telematics between Administrations (þ.e. örugg, samevrópsk fjarvirkniþjónusta milli stjórnsýslustofnana). Það er stýrður, áreiðanlegur og öruggur samevrópskur samskiptavettvangur fyrir evrópsk og landsbundin stjórnvöld. Netkerfið s-TESTA er byggt á sérstöku grunnvirki í einkaeigu sem er algerlega aðskilið frá Netinu. Viðeigandi öryggisráðstafanir, sem eru innbyggðar í kerfið, tryggja netkerfinu bestu vernd sem völ er á. Netkerfið hefur hlotið öryggisviðurkenningu faggildingaraðila svo það teljist hæft til sendingar á upplýsingum sem eru flokkaðar á trúnaðarstiginu „takmarkaður aðgangur ESB“.
- Teknir hafa verið upp nokkrir tæknilegir þættir: örugg og persónubundin aðgangsorð fyrir þar til bæra embættismenn hjá tilnefndum yfirvöldum, notkun öruggs netkerfis (s-TESTA), sprettiskilaboð sem minna sérfræðinga á að hafa reglur um gagnavernd í huga við vinnslu persónuupplýsinga, mismunandi notandalýsingar sem stilla aðgang að upplýsingunum með hliðsjón af hlutverki notandans (lögbært yfirvald, miðlæga tengiskrifstofan eða framkvæmdastjórnin), möguleiki til að takmarka aðgang að skjölum með því að skilgreina þau sem trúnaðarmál og skilaboðin á vefsíðu kerfisins fyrir samvinnu um neytendavernd sem vísa til reglna um gagnavernd.
- Framkvæmdarreglur (1), sem ná yfir lyklatríði til að tryggja að farið sé að reglum um gagnavernd: skýrar reglur um eyðingu (hvaða upplýsingar, hvernig og hvenær skuli eyða gögnum), meginreglur sem tilgreina tegundir aðgangs að upplýsingunum (einungis lögbær yfirvöld sem eiga beinan hlut að máli hafa fullan aðgang og aðrir aðeins að almennum upplýsingum).
- Viðmiðunarreglur um verklag (2), þar sem frekar er útskýrt hvað hafa beri í huga við útfyllingu mismunandi upplýsingareita og samþættingu þessara verklagsreglna (3).
- Árleg endurskoðun til að tryggja að lögbær yfirvöld sannreyni áreiðanleika persónuupplýsinga (merking er fyrirhuguð, en hefur enn ekki komið til framkvæmda) ásamt því að málum er lokað og/eða þeim eytt eins og reglurnar gera ráð fyrir svo tryggt sé að mál gleymist ekki. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skipuleggja reglubundið kerfisbundna endurskoðun mála sem hafa verið til meðferðar í umtalsvert lengri tíma en málsmeðferð almennt.
- Sjálfvirk eyðing mála sem varða gagnkvæma aðstoð fimm árum eftir að máli er lokað eins og mælt er fyrir um í reglugerðinni um samvinnu um neytendavernd.
- Kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd er upplýsingatæknitól í stöðugri þróun, með það að markmiði að efla gagnavernd. Margir öryggisþættir hafa þegar verið byggðir inn í kerfishögunina sem lýst er hér að framan. Framkvæmdastjórnin hyggst halda áfram að frekari endurbætur eftir þörfum.

Frekari leiðbeiningar

Hve lengi ber að geyma mál og hvenær ber að loka því og eyða?

Einungis framkvæmdastjórnin getur eytt upplýsingum úr kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd (4) og gerir það alla jafnan að beiðni lögbærs yfirvalds. Þegar lögbært yfirvald leggur fram slíka beiðni verður það að tilgreina ástæður fyrir beiðni um eyðingu. Eina undantekningin eru beiðnir um framfylgd laga. Þeim er sjálfkrafa eytt af framkvæmdastjórninni fimm árum eftir að yfirvaldið sem lagði fram beiðni lokaði málinu.

Settar hafa verið reglur um föst tímamörk til þess að tryggja eyðingu gagna sem eru ekki lengur nauðsynleg, eru röng, reynast órókstudd og/eða hafa verið geymd í hámarkstíma.

Hvers vegna er varðveislutímabilið fimm ár?

Tilgangurinn með varðveislutímabilinu er að auðvelda samstarf milli opinberra yfirvalda, sem bera ábyrgð á framfylgd laga til verndar hagsmunum neytenda, þegar þau taka á brotum innan Bandalagsins og stuðla að snurdúlausri starfsemi innri markaðarins, gæðum og samræmi í framfylgd laga til verndar hagsmunum neytenda, fylgjast með því að efnahagslegra hagsmuna neytenda sé gætt og stuðla að auknum gæðum og samræmi í framfylgd laga. Á varðveislutímabilinu geta viðurkenndir embættismenn, sem annast framfylgd laga og starfa hjá lögbæru yfirvaldi, sem fóru upphaflega með tiltekið mál, fengið aðgang til að fletta upp í skjalinu til að tengja það við hugsanleg endurtekin brot, sem stuðlar að betri og skilvirkari framfylgd laga.

⁽¹⁾ Ákvörðun 2007/76/EB.

⁽²⁾ Netíð fyrir samvinnu um neytendavernd: Verklagsreglur — samþykktar af nefndinni um samvinnu um neytendavernd 8. júní 2010.

⁽³⁾ Efni þessara viðmiðunarreglna verður síðar samþætt starfsmenntun í tengslum við kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd.

⁽⁴⁾ Ákvæði 10. gr. í reglugerð (EC) nr. 2006/2004 um samvinnu um neytendavernd og 2. kafli viðauka við ákvörðun 2007/76/EB um framkvæmd samvinnu um neytendavernd.

Hvers konar upplýsingar mega koma fram á umræðuvettvanginum?

Umræðuvettvangurinn fylgir kerfinu fyrir samvinnu um neytendavernd og er tæki sem ætlað er til upplýsingaskipta varðandi málefni á borð við nýtt framkvæmdavald og bestu starfsvenjur. Umræðuvettvanginn, sem ekki er mikið notaður af embættismönnum sem annast framfylgd laga, ber almennt ekki að nota til upplýsingaskipta um gögn sem varða tiltekin mál og ekki skal vísa til persónuupplýsinga á honum.

Hvers konar upplýsingar mega koma fram í stuttu samantektunum og fylgiskjölunum?

Í ákvörðun 2007/76/EB um framkvæmd samvinnu um neytendavernd er gert ráð fyrir upplýsingareit sem merktur er „fylgiskjöl“ ef um er að ræða viðvaranir og beiðnir um upplýsingar og ráðstafanir til að framfylgja lögum. Stuttu samantektirnar eru reitir þar sem fram skal koma lýsing á brotinu. Mælt er til að ekki komi fram persónuupplýsingar í stuttu samantektunum þar sem í þessum upplýsingareit á að vera almenn lýsing á brotinu. Persónuupplýsingar í fylgiskjölum, sem ekki eru bráðnaðsynlegar, skal svarta eða fjarlægja.

Hvað er átt við með „rökstuddum grun“ um að brot hafi átt sér stað?

Rökstuddan grun ber að túlka í samræmi við landslög. Þó er mælt til að grunur um brot sé einungis tekinn upp í kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd ef fyrir hendi er vísbending um að brot hafi átt sér stað eða líklegt sé að það hafi átt sér stað.

Hvað um miðlun til þriðju landa?

Reglugerðin um samvinnu um neytendavernd (1) kveður á um að aðildarríki, sem hefur gert tvíhliða samning um aðstoð við þriðja land, sé einnig heimilt að láta yfirvöldum þess í té upplýsingar, sem sendar hafa verið samkvæmt reglugerðinni um samvinnu um neytendavernd, að því tilskildu að fengist hafi samþykki þess lögbæra yfirvalds sem upphaflega sendi upplýsingarnar og að farið sé að ákvæðum um gagnavernd.

Ef ekki er fyrir hendi milliríkjasamningur Evrópusambandsins um fyrirkomulag samstarfs um gagnkvæma aðstoð (2) við þriðja land skulu allir samningar við tiltekið þriðja land um gagnkvæma aðstoð kveða á um fullnægjandi verndarráðstafanir fyrir gagnavernd og viðkomandi eftirlitsyfirvöldum gagnaverndar tilkynnt um þá svo að gera megi fyrirframathugun, nema framkvæmdastjórnin hafi komist að raun um að hlutaðeigandi þriðja land tryggi fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem sendar eru frá Sambandinu í samræmi við 25. gr. tilskipunarinnar um gagnavernd.

⁽¹⁾ Ákvæði 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu um neytendavernd.

⁽²⁾ Ákvæði 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu um neytendavernd